

Fundargerð 131. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 10. febrúar kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálu, sem ritaði fundargerð.

Anna Birna Snæbjörnsdóttir boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Menntakerfið okkar - nemendur í Víðistaðaskóla - 2102016SA

Fjórir nemendur í 10. bekk Víðistaðaskóla í Hafnarfirði hafa sett niður tillögur að betrubótum á menntakerfinu í því skyni að gera nemendum betur kleift að takast á við lífið. Þau hafa stofnað samtökin Menntakerfið okkar, skrifað skýrslu og kynnt tillögur sínar m.a. fyrir menntamálaráðherra og þingflokki. Þau Alexander Ívar, Elísabet Vény, Hildur Jóna og Helga María komu á fund fræðslumálanefndar, kynntu áherslur sínar og rökstuðning. Þau vilja fræðslu um heilbrigða lífshætti, kynfræðlu, hinsegin fræðslu, geðheilbrigði, atvinnulíf, fjármálalæsi, fordóma, forvarnir almennt og tölvufræðslu. Þau nefndu t.a.m. sundkennslu á unglingsstigi sem mætti missa sín af marvíslegum ástæðum. Þau hafa fengið afar jákvæð viðbrögð við tillögum sínum og fræðslumálanefndin var þar engin undantekning.

Fræðslumálanefnd fagnaði mjög þessu frumkvæði og skýrum málflytningi fjórmanninganna sem leggja áherslu á að fá fleiri skóla og nemendur með sér í lið. Nefndarmenn töldu ýmislegt jákvætt eiga sér stað í skólakerfinu því þau væru lifandi dæmi þess. Nefndin sagði þýðingarmikið að fá sjónarmið nemendanna milliliðalaust inn í þá stefnumótunarumræðu sem nú fer fram með nýrri menntastefnu, endurskoðun Aðalnámskrár grunnskóla og greinanámskráa o.fl.

2. Tillögur vegna endurskoðunar byggðaáætlunar 2018-2024 - 2011055SA

Unnið er að endurskoðun byggðaáætlunar og er áhugi mikill á að lyfta betur menntamálu. Í því samhengi er m.a. unnið að skilgreiningu á grunnþjónustu og aðgengi að henni óháð búsetu. Þar er grunnskólinn og tengd skólþjónusta ofarlega á blaði og útfærsla með ýmsum leiðum fjarþjónustu og þá skipta innviðirnir máli, sbr. ljósleiðarvæðing landsins. Menntamálastofnun og sambandið hafa einnig rætt um mótun tillagna í þessu skyni. Fræðslumálanefnd ræðir þessar

hugmyndir. Unnið er sameiginlega að mótun og forgangsröðun tillagna á vettvangi sambandsins, menntamálaráðuneytis og MMS.

Nefndin tekur undir að auka þarf áherslu á menntun í byggðaáætlun og lýsir ánægju með það samtal sem í gangi er í því skyni. Rætt var um mikilvægi þess að sveitarfélögin hefðu faglegan bakhjarl og stuðning svo þau gætu staðið undir kröfum um jafnræði til menntunar og skólaþjónustu óháð búsetu. Í því samhengi var nefnd nýleg grein sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs borgarinnar og ákveðið að fá hann á næsta fund nefndarinnar til frekari umræðna. <https://skolathraedir.is/2021/01/07/hvert-skal-haldir-hugleiding-um-skipan-studnings-vid-markvissa-skolathroun/>.

3. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins leggur lokahönd á tillögur sínar þessa dagana. Klara E. Finnbogadóttir, fulltrúi sambandsins í starfshópnum, kynnti framkomnar tillögur og óskaði eftir álit fræðslumálanefndar á þeim. Tillögurnar verða kostnaðarmetnar og mun starfsmaður á fjármálaskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytis stýra þeirri vinnu en þess óskað jafnframt að fulltrúi frá sambandinu, Reykjavíkurborg, KÍ, Menntavísindasviði og Menntamálastofnun hafi aðkomu að þeirri vinnu. Fram kom að náðst hefur samkomulag í hópnum um flestar tillögurnar.

Talsverð umræða spannst um tillögurnar sjö og vinnu starfshópsins og Klöru þökkud góð störf við oft krefjandi aðstæður. Vonast starfshópurinn til þess að hægt verði að skila lokaskýrslu til ráðherra innan tveggja vikna.

4. Félag grunnskólakennara - ályktun - 2101060SA

Skólamálanefnd Félags grunnskólakennara hefur lýst yfir yfir áhyggjum af stöðu drengja í íslensku skólakerfi og sendi ályktun þess efnis til stjórnar sambandsins sem fjallaði um málið á fundi 29. janúar sl. Stjórnin vísaði ályktuninni til umfjöllunar í fræðslumálanefnd sambandsins og tiltekur í bókun sinni að horfa megi á málið í samhengi við umræðu um að sveitarfélögin taki yfir rekstur framhaldsskólans. Þannig verði samfella í námi allra nemenda meiri til a.m.k. 18 ára aldurs.

Nefndin tekur undir mikilvægi þess að skólakerfið þurfi að laga sig betur að þörfum, áhuga og þroska allra barna á einstaklingsgrundvelli og augljóst að drengirnir standa þar hallari fæti. Vandinn sé engan veginn drengjanna og vanda þurfi orðræðuna svo þeir fái ekki misvísandi skilaboð. Nefndin leggur til að umræðunni verði framhaldið á næsta fundi nefndarinnar og á þann fund verði boðið gestum sem gefið geti áhugaverð sjónarhorn á málið og leiðir til úrbóta. Þá megi ekki gleymast að hlýða á raddir nemenda, sbr. fyrsta dagskrárlið.

5. Reglugerð um MMS - umsögn sambandsins - 2010012SA

Drög að reglugerð um Menntamálastofnun hefur legið til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Umsögn sambandsins var lögð fram til kynningar. Fram kom að skilgreina þyrfti betur hluverk, umboð og ábyrgð stofnunarinnar gagnvart ráðgjöf og stuðningi við sveitarfélög og skólastig. Þá beinast sífellt ný verkefni að stofnuninni í tillögum starfshópa á vegum menntamálaráðuneytis og hætt við því að lítið verði úr þeim áformum með þeim reglugerðardrögum sem fyrir liggja.

Fræðslumálanefndin lýsti ánægju með áherslur sambandsins í umsögninni og lagði áherslu á að fjármögnun stofnunarinnar yrði með þeim hætti að henni yrði gert kleift að standa undir skyldum sínum gagnvart skólastarfi og þróun þess.

Fundi var slitið kl. 14:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason